LÖG

um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma vegna fjárfestinga, sem þeir hafa ráðizt í á jörðum sínum á árunum 1961—1968, að báðum árunum meðtöldum.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda, ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru.

Lánstími skal vera allt að 20 ár. Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar, að höfðu samráði við ráðherra.

3. gr.

Heimilt er ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánum skv. lögum þessum, enda séu eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra aldrei minni en sem nemur samanlögðum áhvílandi lánum.

4. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 75% af matsverði veðsins.

5. gr.

Ákvæði 16. gr. 3. mgr. laga nr. 115 7. nóvember 1941 tekur ekki til bankavaxtabréfa, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III. kafla laga nr. 115 7. nóvember 1941 um lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1969.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ingólfur Jónsson.